



SKRIFSTOFUR REYKJAVÍKURBORGAR
BORGARTÚNI 3 - SÍMI 632430
105 REYKJAVÍK
BYGGINGARFULLTRÚI

Alþingi

Efndi nr. P 117 / 527

Þorudagur 11 / 1 1994

Nefndadeild skrifstofu Alþingis
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa
Þórshamri, Templarasundi
150 Reykjavík.

Reykjavík, 6. jan. 1994.
MSS/eg

Embætti byggingarfulltrúa hefur haft til umsagnar, að ósk Félagsmálanefndar Alþingis, fumvarp til laga um fjöleignahús og er beðist velvirðingar á því að ekki hefur verið unnt að gefa umsögn fyrr en nú.

Í lagafrumvarpinu er hreyft mörgum þörfum atriðum en þrátt fyrir verulega fjölgun lagagreina frá fyrri lögum eru allt of mörg óljós atriði í frumvarpinu sem kjörin eru til deilna á þeim vettvangi sem frumvarpið nær til.


Jafnframt vegna lengdar frumvarpsins er hætt við að reglugerðir sem því eiga að fylgja verði mjög efnismiklar og fer þá að verða vandratað um skóginn, þe. ýmist af því sem fram kemur í frumvarpinu væri betur komið í reglugerðum.

Þá virtist skorta yfirsýn um þarfir skráningaraðila (byggingarfulltrúa, FMR) þannig að óljóst er hver eigi að framkvæma og hvernig, sem dæmi má nefna að í næst síðustu málsgrein 17.gr. frumvarpsins segir að byggingarfulltrúi skuli staðfesta eignaskiptayfirlýsingu, teikningar og önnur gögn en að sjálfsögðu byggir eignaskiptayfirlýsingu á áður samþykktum teikningum og stærðum og er eðlilegt að sá er eignaskiptayfirlýsingu gerir byggi hana á þeim gögnum og beri ábyrgð á að svo sé.

Í 14.gr. er kveðið á um útreikninga á hlutfallstölu ekkert kemur fram hver á að reikna og orðalag um ákvörðun hlutfallstölu á öðrum sanngjörnum grundvelli er mjög opið.

Byggingarfulltrúi getur ekki ákveðið né staðfest hlutfallstölu sem byggist á verðmætamati eða öðrum slíkum forsendum.

Virðingarfyllst,


Magnús Sædal Svavarsson,
byggingarfulltrúi.